

→ **GEÐHJÁLP** KREFST ÚRBÓTA Í GEÐHEILBRIGÐISÞJÓNUSTU VIÐ FANGA Á LITLA-HRAUNI

Fangar hafa ekki aðgang að geðlækni

Vart þarf að hafa mörg orð um nauðsyn þess að fangar hafi aðgang að þjónustu geðlæknis, segir Geðhjálp.

Landssamtökin Geðhjálp vekja athygli á að úrbóta er þörf á aðgengi og geðheilbrigðisþjónustu við fanga á Litla-Hrauni, að því er fram kemur í tilkynningu þeirra. Þar segir að heimsókn formanns og framkvæmdastjóra samtakanna hafi leitt í ljós að ákvæði laga um fullnustu refsinga um að fangar eigi rétt á sambærilegri heilbrigðisþjónustu og allur almenningur sé ekki uppfyllt í fangelsinu.

„Í heimsókninni kom fram að fangar á Litla-Hrauni hafa ekki haft aðgang að geðlækni frá því geðlæknir í 20% starfi lét af störfum í fangelsinu um miðjan október. Vart þarf að hafa mörg orð um nauðsyn þess að fangar hafi aðgang að þjónustu geðlæknis. Hópur brotamanna á við geðrænar raskanir af ýmsum toga að stríða við innritun í fangelsi. Þá er almennt viðurkennt að fangelsisvist hafi alvarleg áhrif á andlega líðan fólks. Með tilliti til framangreinds telja samtökin brýnt að þjónusta geðlæknis við fangelsið sé tryggð. Jafnframt verði starfshlutfall geðlæknis endurskoðað með þarfir fanga í huga.

Geðhjálp leggur áherslu á bætt aðgengi og heildstæða geðheilbrigðisþjónustu við fanga. Í samtölum við fanga í fangelsinu kom í ljós að algengt er að bið eftir viðtali við sálfræðing á vegum

fangelsismálastofnunar sé á bilinu tvær til þrjár vikur. Tveimur sálfræðingum er ætlað að sinna 150 fongum á landinu öllu ásamt fongum á reynslulausn. Ljóst er að sálfræðingarnir hafa nauman tíma til að sinna hverjum fanga fyrir sig við þessar aðstæður fyrir utan að mikill tími fer í ferðalög milli fangelsa. Lagt er til að heildstætt teymi heilbrigðisstarfsfólks og iðjubjálfa frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands sinni heilbrigðisþjónustu við fanga á Litla-Hrauni í því skyni að tryggja heildstæða, einstaklingsmiðaða þjónustu.

Landssamtökin Geðhjálp leggja áherslu á að geðheilbrigðisþjónusta við fanga í fangelsinu verði eflð, t.a.m. verði aukin áhersla lögð á samtalsmeðferð fanga. Rétt eins og almenningur eiga fangar að eiga greiðan aðgang að viðeigandi meðferð á Landspítalanum Háskólasjúkrahúsi eigi þeir við alvarleg andleg veikindi að stríða. Síðast en ekki síst,“ segir í tilkynningunni, „leggur Geðhjálp áherslu á að fongum standi til boða nauðsynlegur stuðningur til að aðlagast samfélaginu á nýjan leik að lokinni afplánun í fangelsi.“ -jh

Margrét Frimanns-dóttir, forstöðumaður fangelsinsins á Litla-Hrauni. Geðhjálp segir fanga þar ekki hafa aðgang að geðlækni.

